

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. febrúar 2021
Tilvísun: 202012-0024/42-0
LA
KHS/RTh/PLP

Efni: Frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, 369. mál

Vísað er til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 11. desember 2020, þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, 369. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar frumvarpi um friðlýsingu landsvæðis sem Hálandisþjóðgarð. Mikil þörf er að vernda náttúruvernd hálandisins og hefur stofnunin trú á því að Hálandisþjóðgarður muni verða þjóðinni til heilla.

Nokkrar athugasemdir eða ábendingar eru gerðar við frumvarpið og fylgja hér á eftir:

11. gr. Rekstrarsvæði Hálandisþjóðgarðs. „*Fulltrúi Minjastofnunar Íslands situr fundi umdæmisráða þegar til umfjöllunar eru menningarminjar innan rekstrarsvæðisins.*“
Náttúrufræðistofnun bendir á að gott getur verið hafa fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands á fundi umdæmisráða þegar til umfjöllunar eru náttúruvæðingarnar innan rekstrarsvæðisins.

14. og 15. gr. Stjórnunar- og verndaráætlun

Skv. 1. gr. frumvarpsins kemur fram að lög um náttúruvernd gildi eins og við á um Hálandisþjóðgarð. Í 74. gr. Laga um náttúruvernd er fjallað um Vöktun og eftirlit og þar kemur fram að Náttúrufræðistofnun sé m.a. falið að vinna heildstæða áætlun um vöktun lykilkáttá íslenskrar náttúru og vinna vöktunaráætlun um friðlýst svæði. Í frumvarpi um Hálandisþjóðgarð er ekki minnst á Náttúrufræðistofnun og væri æskilegt að skilgreina hlutverk hennar betur varðandi Hálandisþjóðgarð. Þá er í frumvarpinu farið mjög almennum orðum um undirbúning að stjórnunar- og verndaráætlun og þarf að skerpa verkferla og skýra betur.

15. gr. Málsmeðferð. „*Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á tíu ára fresti.*“ (bls. 7)

Náttúrufræðistofnun telur að það þurfi að koma skýrt fram að einstaka þætti áætlunar sé hægt að endurskoða oftar t.d. á þriggja ára fresti, sé talin þörf á því.

25. gr. Eftirlit. „*Ef brýna nauðsyn ber til er Hálandisþjóðgarði, í samráði við önnur stjórnvöld eftir atvikum, heimilt að ráðast í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun, svo sem að láta leggja nýjan veg eða stíg eða annað sem auðveldar aðkomu eða brottför af svæði. Skilyrði er að með framkvæmdinni sé brugðist við náttúruvá eða öðrum óvæntum aðstæðum og að framkvæmdin sé unnin í öryggiskyni eða vegna rannsókna sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi*“



Skilgreina þarf betur brýna nauðsyn og aðrar óvæntar aðstæður. Það er mjög skiljanlegt að tryggja þarf öryggi fólks innan þjóðgarðsins en framkvæmdir vegna rannsókna er ekki eins ljóst.

33. gr. Gildistaka og lagaskil. „Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Vatnajökulþjóðgarð, nr. 60/2007. Um þau svæði innan Hálandisþjóðgarðs sem friðlýst voru fyrir stofnun hans skulu gilda þær reglur sem settar voru við friðlýsingu þeirra að svo miklu leyti sem þær ganga ekki gegn ákvæðum laga þessara.“ Mikilvægt að staða núverandi friðlýstra svæða inna Hálandisþjóðgarðs séu skýr og að markmið friðlýsinga haldist.

VIII Kafli, Ýmis ákvæði, á bls. 13. Innan frumvarpsins er hvergi minnst á Vatnajökulþjóðgarð heimsminjasvæði UNESCO, heimsminjasvæði á yfirlitsskrá UNESCO t.d. Friðland að Fjallabaki, og skörun nýja þjóðgarðsins við Kötlu jarðvang, UNESCO Global Geopark. Á bls. 15, Ákvæði til bráðabirgða, stendur: „Reglugerð um Vatnajökulþjóðgarð og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs sem sett eru á grundvelli laga um Vatnajökulþjóðgarð, nr. 60/2007, halda gildi sínu við gildistöku laga þessara.“ og í greinargerð á bls. 18, stendur jafnframt: „Friðlýsing Vatnajökulþjóðgarðs heldur hins vegar gildi sínu þar til Hálandisþjóðgarður er friðlýstur með reglugerð.“ Út frá þessu er ekki ljóst hver staða heimsminjasvæðisins Vatnajökulþjóðgarðs verður innan Hálandisþjóðgarðs.

UNESCO skuldbindingar innan þjóðgarðsins koma ekki fram í greinargerð á bls. 21 þar sem fjallað er um alþjóðlegar skuldbindingar.

Á bls. 18 er fjallað um ráðstöfun fjármuna í innviðauppbýggingar á svæðinu. Náttúrufræðistofnun telur einnig mikilvægt að þjóðgarðurinn ráðstafi fjármunum í náttúrufræðisrannsóknir og vöktun.

Á bls. 35 stendur: „Í Vatnajökulþjóðgarði þarf t.d. almennt að afla leyfis fyrir notkun flygildis innan þjógarðs en ekki er víst að slíkt verði nauðsynlegt innan alls Hálandisþjóðgarðs.“ Náttúrufræðistofnun mælir með því að strax í upphafi verði settar skýrar reglur um notkun flygildis innan þjóðgarðsins.

Þá er ekki gerð grein fyrir friðlýsingu nýrra svæða innan Hálandisþjóðgarðs t.d. B-hluta svæði sem Náttúrufræðistofnun Íslands gerði tillögu um á náttúruminjaskrá 2018.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstjóri

